



Fundargerð þriðja ársfundar Þekkingarseturs Suðurnesja

Fundur haldinn miðvikudaginn 6. maí 2015 kl. 16:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og ritara

Ólafur Þór Ólafsson, stjórnarformaður Þekkingarseturs Suðurnesja, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann lagði til að Björk Guðjónsdóttir tæki að sér fundarstjórn og að Eydís Mary Jónsdóttir yrði skipuð sem ritari. Samþykkti fundurinn það einróma. Björk tók því næst við sem fundarstjóri og kynnti dagskrá fundarins.

2. Skýrsla stjórnar

Ólafur Þór Ólafsson, stjórnarformaður, fór yfir skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár Þekkingarsetursins. Meðal annars var fjallað um stefnu og markmið setursins og helstu verkefni þess og stoðstofnana þess árið 2014. Skýrsla stjórnar er aðgengileg á heimasíðu Þekkingarsetursins www.thekkingarsetur.is.

3. Ársreikningur síðasta árs lagður fram til kynningar

Lilja Dögg Karlsdóttir, endurskoðandi hjá KPMG, fór yfir ársreikning Þekkingarsetursins fyrir árið 2014 og útskýrði hann. Ársreikningurinn er endurskoðaður og áritaður af Lilju Dögg sem er löggiltur endurskoðandi. Rekstrarniðurstaða ársins 2014 var jákvæð sem er breyting frá fyrra ári og vel hefur gengið að afla styrkja. Ársreikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu Þekkingarsetursins.

4. Starfsáætlun ársins 2015 lögð fram til kynningar

Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja kynnti starfsáætlun setursins fyrir árið 2015. Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu Þekkingarsetursins.

5. **Kynning á meistaraverkefni: Tilraunaeldi á evrópska humrinum á Íslandi**

Soffía Karen Magnúsdóttir kynnti meistaraverkefni sitt og svaraði spurningum.

6. **Kynning á meistaraverkefni: Fjörurannsóknir á Reykjanesskaga**

Sölvi Rúnar Vignisson kynnti meistaraverkefni sitt og svaraði spurningum.

7. **Önnur mál**

Engin önnur mál. Fundi var slitið kl. 17:40.

Eydís Mary Jónsdóttir tók saman fundargerð

Ólafur Þór Ólafsson - SIGN

Björk Guðjónsdóttir - SIGN

Halldór Pálmar Halldórsson - SIGN

Jóna Rut Jónsdóttir - SIGN

Sverrir Guðmundsson - SIGN

Hanna María Kristjánsdóttir - SIGN

Eydís Mary Jónsdóttir - SIGN